

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 257/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Inga Daðasyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Fjársvik. Sýknað af ákæru um fjárdrátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1987. Málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds og þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd. Héraðsdómur var birtur ákærða á Fáskrúðsfirði 19. maí 1987.

Eigi er í ljós leitt, hvað varð um málningarsprautukönnu, sem I. ákærupáttur fjallar um. Ákærði stóð að vísu ekki skil á henni. Það kann að stafa af orsökum, sem ákærða verður ekki gefin refsiverð sök á. Þykir ekki sannað, að hann hafi selt vélina eða fénytt sér hana. Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

Svo sem efnum ákærða var háttað, gat honum ekki dulist að hann gæti ekki greitt leigugjald til bilaleigu Árna Gíslasonar. Ber að staðfesta héraðsdóminn um II. ákærupátt að því er sakfellingu varðar og færslu til refsíákvæða.

Með vísun til þess er í forsendum héraðsdóms greinir um sjónarmið varðandi refsingu þykir hún hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ingi Daðason, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1985.

Ár 1985, mánudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 771/1985: Ákærvaldið gegn Kristjáni Inga Daðasyni, sem tekið var til dóms 27. þessa mánaðar.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 19. desember 1984 á hendur ákærða Kristjáni Inga Daðasyni, Stóra-teigi 9 í Mosfellssveit, fæddum 6. nóvember 1945 á Ísafirði.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot:

I. Fjárdráttur.

Dregið sér andvirði málningsprautukönnu að verðmæti kr. 5.226,00, sem ákærði hafði þann 13. mars tekið á leigu hjá Hilti-umboðinu, Skeifunni 3, Reykjavík, en ekki skilað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Fjársvik.

Þann 8. júní 1984 tekið á leigu bifreiðina R-65103 hjá bifreiðaleigu Árna Gíslasonar hf., Tangarhöfða 8 - 12, Reykjavík og síðan haft bifreiðina undir höndum í 35 daga og ekið samtals 2349 km án þess að eiga í upphafi fé fyrir leigugjaldinu né réttmætrar ástæðu til að ætla að hann ætti það fé við lok notkunartímans, og þá skilið við bifreiðina á Réttarholtsvegi í Reykjavík án vitundar leigusala og nam þá áfallið leigugjald kr. 44.505,00.

Telst þetta varða við 248. gr. en til vara við 261. gr., sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Hinn 12., en ekki 13. mars 1983 eins og stendur í ákæru málsins tók ákærði Kristján Ingi Daðason á leigu rafmagnsmálningsprautukönnu hjá Hilti-umboðinu sf. í Skeifunni 3 í Reykjavík. Ákærði skilaði ekki könnunni og hefur ekki enn gert það, en hinn 10. maí 1984 var málið kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Mætti ákærði hjá henni 25. september 1984 og

kannaðist við að hafa tekið könnuna á leigu, en hann vissi ekki hvað hefði orðið af henni og því gæti hann ekki skilað henni. Lofaði ákærði að greiða könnuna ef fram kæmi sanngjörn bótakrafa. Hún barst Rannsóknarlögreglunni 27. september 1984, og var gerð krafa um 5.226 krónur í bætur fyrir könnuna og 2.899 krónur í innheimutkostnað frá lögfræðingi. Var ákærða kynnt krafan hjá Rannsóknarlögreglunni 8. nóvember 1984 og lofaði hann þá að hafa samband við kæranda málsins og greiða kröfuna svo fljótt sem hann gæti, en ekki hafði ákærði peninga til að greiða kröfuna strax. Hann hafði ekki greitt kröfuna þegar hann kom fyrir dóminn vegna meðferðar málsins hinn 5. júní sl., en þá upplýsti ákærði að hann hefði tilkynnt eiganda könnunnar um miðjan apríl 1983 að hann hefði týnt könnunni. Kvaðst ákærði ekki hafa getað greitt bætur fyrir könnuna vegna veikinda. Með yfirlýsingu dagsettri 27. þessa mánaðar hefur kærandinn upplýst að hann hafi náð samkomulagi vegna kröfunnar við ákærða og sé málið að því leytti fullfrágengið.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum kafla ákærunnar og þar er rétt færð til refsíákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 skiptir hin ranga dagsetning ekki máli um sök ákærða.

II.

Hinn 8. júní 1984 tók ákærði fólksbifreiðina R-65103 á leigu hjá bílaleigu Árna Gíslasonar hf. að Tangarhöfða 8 - 12 í Reykjavík. Samkvæmt leigusamningi, sem gerður var, tók ákærði bifreiðina upphaflega á leigu til þriggja daga. Um leið greiddi ákærði í geymslufé 3.000 krónur. Ákærði skilaði ekki bifreiðinni eftir þrjá daga, heldur hafði hana í 35 daga, en þá fannst bifreiðin yfirgefin á Réttarholtsvegi í Reykjavík þar sem ákærði hafði skilið hana eftir án þess að láta leigusalann vita. Samkvæmt upplýsingum bílaleigunnar hafði bifreiðinni þá verið ekið 2.349 km og var með ónýtt dekk, slöngu og aurlífur, svo og brotið stefnuljós.

Af hálfu bílaleigunnar var ákærði kærður til Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 20. júlí 1984 vegna svika í sambandi við leigutöku bifreiðarinnar.

Í kærinni, sem dr. Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður ritaði fyrir hennar hönd, segir meðal annars að ákærði hafi gefið upp heimilisfangið Vesturgötu 78 í Reykjavík, sem sé ekki til, þegar hann tók bifreiðina á leigu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið áðurgreinda bifreið á leigu eins og að framan greinir. Kvaðst ákærði síðar hafa látið í ljós ósk um framlengingu samningsins um óákveðinn tíma með símtali.

Ákærði gefur þá skýringu á heimilisfanginu Vesturgötu 78 að hann hafi búið að Vesturbergi 78 þegar ökuskríteini hans var gefið út og hann fram-

vísað því við gerð leigusamningsins og ekki athugað að á ökuskírteininu var hið ranga heimilisfang.

Ákærði staðfestir að það kunni að vera rétt að bifreiðinni hafi verið ekið 2.349 km þar til hún komst aftur í hendur leigusala.

Ákærði kveðst hafa átt peninga til að greiða með leigu fyrir bifreiðina þegar hann tók hana á leigu. Kveðst hann þá hafa átt 30.000 krónur.

Ákærði hafði verið til meðferðar vegna áfengisvandamáls þegar hann tók bifreiðina á leigu, en var að byrja að vinna á ný. Fór verulegur hluti af peningunum í ýmsan kostnað sem ákærði hafði af því að vera að hefja störf á ný sem málningarverktaki.

Ákærði var með verk í Keflavík en bjó í Reykjavík og ók á milli kvölds og morgna. Hann gat ekki lokið verkinu sem var utanhúss vegna veðurs og fékk því ekki greiðslu að fullu vegna verksins, heldur innaborganir sem fóru í ýmsar greiðslur. Af þessum sökum átti ákærði ekki nægjanlegt fé til að gera upp að fullu leigugjaldið og dró því að skila bifreiðinni, en hafði af og til, að eigin sögn, samband við bilaleiguna og gerði henni grein fyrir aðstæðum sínum. Fyrst kveðst ákærði hafa talað við eigandann en síðan við afgreiðslu bilaleigunnar.

Ákærði skildi bifreiðina eftir á Réttarholtsvegi í Reykjavík að kvöldi 12. júlí 1984 vegna bensínleysis. Næsta morgun var bifreiðin horfin. Ákærði taldi að bilaleigan hefði tekið bifreiðina en kannaði það ekkert frekar. Kunni ákærði ekki við að hafa samband við bilaleiguna þar sem hann gat ekki greitt henni.

Ákærði kveðst hafa verið úrskurðaður gjaldþrota snemma á árinu 1984.

Ákærði kveðst ekki hafa hugsað út í hvort honum væri heimilt að taka á sig fjárskuldbindingar með gerð leigusamningsins þrátt fyrir gjaldþrotið. Telur ákærði að eigandi bilaleigunnar hafi vitað um gjaldþrotið.

Ákærði telur, að lýstar kröfur í bú sitt hafi vorið 1984 numið um 400.000 krónum, og hafi hann á síðastliðnu sumri greitt niður um helming af kröfunum. Hann veit ekki um lyktir gjaldþrotamálsins.

Ákærði kveðst hafa eignast 30.000 krónurnar, sem áður greinir með sölu á verkfærum sem hann hafði átt þegar hann fór í meðferð og vegna úti-standandi vinnulauna sem honum voru greidd. Var helmingur hvort um sig. Ákærði hugsaði ekkert út í það þegar hann veitti þessum peningum viðtöku hvort hann sem gjaldþrota maður mætti ráðstafa þeim.

Ákærði átti ekki neina peninga til að greiða áfallið leigugjald vegna bifreiðarinnar að frádregnu geymslufé eða 41.505 krónur þegar hann kom fyrir dóminn 5. júní sl.

Vitnið María Árnadóttir, gjaldkeri hjá bifreiðaleigunni, til heimilis að Jakaseli 32 í Reykjavík, gerði leigusamninginn við ákærða og hefur staðfest það við meðferð málsins.

Vitnið minntist þess ekki að ákærði hefði rætt við það vegna dráttar á að skila bifreiðinni og veit ekki hvort hann ræddi við aðra í fyrirtækinu um það efni.

Vitnið segir að það hafi verið ákærði sjálfur sem gaf upp heimilisfangið Vesturgötu 78, en annað heimilisfang hafi staðið á ökuskirteininu.

Vitninu var bent á framburð ákærða varðandi heimilisfangið. Vitnið tekur fram að það sé regla að spyrja leigutaka um heimilisfang, þar sem það kunni að hafa breyst frá útgáfu ökuskirteinisins.

Vitnið Árni Vernharður Gíslason, forstjóri og aðaleigandi bílaleigunnar, segir að ákærði hafi haft samband við það símleidis þegar hann hafði haft bifreiðina á leigu í ca. 10 daga og sagt vitninu frá því að hann myndi skila bifreiðinni eftir 2 - 3 daga. Var þetta það fyrsta, sem ákærði hafði samband við bílaleiguna eftir að hann tók bifreiðina á leigu. Vitnið veit til þess að ákærði hafði einu sinni eftir þetta samband við starfsmann bílaleigunnar og skýrði frá því að hann myndi skila bifreiðinni fljótlega. Eftir þetta hefur enginn hjá bílaleigunni heyrt frá ákærða.

Vitnið segir að eftir 17 - 20 daga frá upphafi leigusamningsins hafi starfsmenn fyrirtækisins gert margar tilraunir til að hafa uppi á bifreiðinni og ákærða, en án árangurs.

Samkvæmt upplýsingum frá skiptarétti Reykjavíkur var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta 13. september 1983. Hinn 14. febrúar 1984 lauk skiptum og var hrein eign til skipta 635 krónur sem gekk til greiðslu á forgangskröfum sem námu 200.088,56 krónum. Ekkert greiddist upp í almennar kröfur sem námu samtals 652.631,63 krónum auk vaxta og kostnaðar eftir upphafsdag skipta.

Sannað er með játningu ákærða og öðru sem fram er komið og rakið var að ákærði tók bifreiðina R-65103 á leigu hinn 8. júní 1984, upphaflega til 3 daga, en bifreiðinni skilaði ákærði aldrei, heldur fannst hún á Réttarholtsvegi í Reykjavík 35 dögum síðar. Ekki samdi ákærði um greiðslufrest á leigugjaldinu í upphafi og átti því að greiða leiguna eigi síðar en að leigutímanum loknum. Það gerði ákærði ekki og hefur ekki enn gert. Bar ákærða að haga fjármálum sínum á þann veg að hann gæti staðið við að greiða leigugjaldið þegar að lokum leigutímans kæmi. Þessa gætti ákærði ekki og er sú fyllyrðing hans ósönnuð að hann hafi átt nægt fé við upphaf leigutímans til að greiða fyrir leigu bifreiðarinnar eða að hann mætti ætla að það yrði við lok hans, ekki síst þegar til þess er litið að ákærði hafði verið úrskurdaður gjaldþrota og vissi að á honum hvíldu háar ógreiddar fjárkröfur. Þykir ákærði því með leigutöku bifreiðarinnar og vanskilum leigugjaldsins hafa gerst sekur um fjársvik sem er brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1963 24/10 í Kópavogi: Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 6/1 í Kópavogi: Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1964 15/1 í Kópavogi: Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
- 1964 23/3 í Kópavogi: Dómur: Sýknaður af ákæru um meint brot á 217. gr. hegningarlaga.
- 1964 1/12 í Reykjavík: Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1966 7/6 í Kópavogi: Sátt: 250 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1967 14/1 í Kópavogi: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga.
- 1972 30/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.
- 1973 16/8 á Akureyri: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.
- 1973 17/8 á Akureyri: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 11/1 í Kópavogi: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2. 11. 1973.
- 1978 10/4 í Reykjavík: Dómur: 120.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.8. 1977. (Veitt á ný 27.1. 1981.)
- 1979 8/6 í Reykjavík: Dómur: 160.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.
- 1979 18/7 í Reykjavík: Sátt: 120.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1979 25/10 í Reykjavík: Sátt: 120.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1980 29/2 í Reykjavík: Dómur: 150.000 kr. sekt og 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga og 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.
- 1980 30/12 í Reykjavík: Sátt: 500.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1981 3/7 í Reykjavík: Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1984 14/2 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, og 7.500 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga og 73. gr. tékkalaga.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennt hegningarlaga og samkvæmt 60. gr. sömu laga verður hinn skil-

orðsbundni hluti refsingarinnar samkvæmt dóminum frá 14. febrúar 1984 felldur inn í þá refsingu sem ákærða verður nú ákvörðuð, en brot ákærða samkvæmt síðari kafla ákærunnar er rof á skilorðinu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði hefur, eins og áður greinir, gert upp við Hilti-umboðið sf., en ekki hefur borist bótakrafa frá bilaleigunni.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ingi Daðason, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 10/1987.

Sommer-Savex A/S

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.

(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Greiðsla. Vextir af skuld í erlendri mynt.

Innheimtulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. janúar 1987. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 26.441,37 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 18. mars 1986 til greiðsludags. Til vara